

Alþingi  
Erindi nr. P 140/865  
komudagur 26.12.2011

---

**From:** Bjarki Hilmarsson [bjarkih1977@gmail.com]  
**Sent:** 26. desember 2011 10:37  
**To:** Nefndasvið umsagnir  
**Subject:** Hitaeiningamerkingar á skyndibita 24. mál þingsályktunartilaga 140. löggjafarþingi.

Hitaeiningamerkingar á skyndibita  
24. mál þingsályktunartilaga 140. löggjafarþingi.

Mig langar að byrja á að þakka fyrir þarft framtak. Því meiri upplýsingar sem neytendur fá, því betra. Ástæðan fyrir þessu erindi er sú að ég er með sykursýki 1 og þarf því að fylgjast vel með mínu mataræði til að hafa stjórn á blóðsykri og þar með heilsufari. Til að hægt sé að stilla insúlínkamta rétt er nauðsynlegt að hafa upplýsingar um magn þeirra kolvetna sem áætlað er að verði innbyrt.

Yfirleitt er það frekar auðvelt þar sem nauðsynlegar upplýsingar eru á matvælaumbúðum. Því miður er það ekki svo þegar kemur að skyndibitum eða veitingastöðum almennt.

Þar sem efni þessarar ályktunar snýr að hitaeiningum datt mér í hug að benda nefndarmönnum á þessa staðreind, kolvetnin skipta mörg okkar

miklu máli. Fjöldi sykursjúkra fer því miður vaxandi. Þess vegna

langar mig að biðja nefndina um að hugleiða hvort ekki sé tilvalið að hafa upplýsingar um kolvetni ásamt hitaeiningum í þessum merkingum.

Með vinsemd og virðingu

Bjarki Hilmarsson  
Lindargata 46a-405  
101  
Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/183*  
*komudagur 16.11.2011*

**From:** birgir [mailto:birgir@dominos.is]  
**Sent:** 16. nóvember 2011 10:33  
**To:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
**Subject:** RE: Til umsagnar - 24. mál frá atvinnuveganefnd Alþingis

Sæl Sigrún Helga !

Takk fyrir póstinn, Pizza Pizza einkaleyfishafi Dominos mun senda umsögn um málið fyrir 1 desember. Við viljum leggja málinu lið.

Nokkrar athugasemdir og spurningar varðandi textann:

Í Big Mac hamborgara eru yfir 500 hitaeiningar eða allt að fjórðungur (FIMMTUNGUR) af daglegri hitaeiningaþörf karlmanns, sem er 2.500–2.700 hitaeiningar.

Einnig að í einni pitsusneið á Pizza Hut geta verið 2.656 hitaeiningar (ER ÞETTA MÖGULEGT, EIN HEIL PIZZA FRÁ DOMINOS ER MINNA EN ÞETTA?)

en þær eru Burger King, KFC, McDonald's, Mando's (Á ÞETTA AÐ VERA NANDOS?), Subway og Wimpy.

Með fyrirfram þökk.

Birgir Örn

Alþingi  
Erindi nr. B 140/598  
komudagur 1.12.2011



Reykjavík 28. Nóvember 2011

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Umsögn Pizza-pizza ehf. einkaleyfishafi Domino's Pizza á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um hitaeingmerkingar á skyndibita, þingskjal 24 - 24 mál, 140. Löggjafarþing 2011 -2012.**

Pizza-pizza ehf. einkaleyfishafi Domino's Pizza á Íslandi fagnar þingsályktunartillögu um að fela velferðarráðherra að beita sér fyrir því að veitingarstaðir upplýsi viðskiptavinum um magn hitaeininga í þeim réttum sem þar eru seldir.

Við teljum að samhlíða meiri vitneskju um innihald matarins sé nauðsynlegt að auka fræðslu á samsetningu mataræðis einstaklinga og mikilvægi þess að það sé gott jafnvægi í neyslu mismunandi fæðutegunda. Það er mikilvægt að fara í þessa vinnu án fordóma og af vandvirkni, við setjum spurningarmerki þegar því er slegið fram að ein pitsusneið frá Pizza Hut innihaldi 2656 hitaeiningar. Á heimasíðu Pizza Hut má sjá að ein stór sneið er lægst 330 hitaeiningar og mest 480 hitaeiningar. Auk þess er hráefni milli landa ólíkt og því ber að skoða samanburð með fyrirvara, ekki er hægt að bera saman epli og epli (eða í þessu tilviki pitsu og pitsu).


Þá teljum við mikilvægt að allir veitingastaðir falli undir sama hatt með upplýsingagjöf, fyrst og fremst fyrir neytandann en líka til að gæta jafnræðis milli aðila á markaði og í samkeppni.


Vinna við þessi mál er þegar langt á veg komin hjá okkur og ætti að verða tilbúin í lok árs, eða byrjun 2012. Þessi vinna er unnin í samstarfi við þekktan matvælafræðing.

Við leggjum mikla áherslu á ferskt hráefni og vörugæði, okkar vörur eru matreiddar fyrir hvern og einn viðskiptavin eftir pöntun. Við höfum einnig unnið talsverða vinnu í að hanna og búa til einstaklings pizzur (Léttbökur) sem innihalda hver um sig aðeins 390 Kcal.

Við erum tilbúin í hverskonar samstarf við opinbera aðila til að hjálpa til við að veita þessum málum brautargengi.

f.h. Pizza-pizza ehf. einkaleyfishafa Domino's Pizza á Íslandi.

  
Steinar B. Sigurðsson  
Vinnslustjóri

  
Birgir Örn Birgisson  
Framkvæmdarstjóri

Þegar mest á reynir

Reykjavík 18. nóvember 2011

Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/342*  
*komudagur 18.11.2011*

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga lýsir yfir ánægju sinni og fullum stuðningi við þingsályktunartillöguna þar sem hún er byggð á grundvelli heilbrigðissjónarmiða og í fullu samræmi við hugmyndafræði og stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum. Í stefnu félagsins er lögð áhersla á heilsueflingu, samfélagslega ábyrgð og sjálfsábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu og lífsstíl.

Offita er alvarlegt vandamál hér á landi og því þarf að leita allra leiða til að auðvelda fólki að bæta heilsu sína og lífsstíl með upplýsingum og fræðslu.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hvetur stjórnvöld til að auka enn á möguleika landsmanna til að velja hollari vörur með verðstýringu á því sviði.

Með kveðju.

F.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga



Aðalbjörg J. Finnbogadóttir, RN, MSc  
Sviðstjóri fagsviðs  
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/483*  
*komudagur 28.11.2011*

Kópavogi 28. nóvember 2011

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita. 24. mál**

Hjartavernd hefur borist til um umsagnar tillaga til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita.

Á síðustu árum hafa Íslendingar bætt verulega á sig þyngd og er það áhyggjuefni. Eins er skyndibitamening orðin mikil hér á landi og sífellt fleiri borða svokallaðan skyndibitamat.

Hjartavernd styður að merkingar um hitaeiningar á skyndibita verði teknar upp og telur að það muni aðstoða fólk að velja betri kost á slíkum matsölustöðum.

Hjartavernd ítrekar eins og kom fram í umsögn Hjartaverndar um upptöku norræna hollustumerkisins Skráargatsins að slíkar merkingar duga ekki einar og sér til að draga úr þyngdaraukningu þjóðarinnar. Mun víðtækari og róttækari aðgerðir þurfa að koma til. Jafnframt tekur Hjartavernd undir það sem kemur fram í tillögunni að ef samstarf takist ekki innan 2ja ára verði hugað að því að skylda skyndibitastaði til slíkra merkinga.

Hjartavernd þakkar fyrir að fá að fjalla um málið.

Virðingarfyllt,

Vilmundur Guðnason forstöðulæknir Hjartaverndar

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/567*  
*komudagur 1.12.2011*

F.h. KFC ehf.  
Kristín Helgadóttir  
30/11/2011  
Þingskjal 24 - 24. mál.  
Þingsályktunartillaga um hitaeiningamerkingar á skyndibita.

Umsögn um tillögu um hitaeiningamerkingar á skyndibita

Undirrituð hefur kynnt sér þingsályktunartillögu þá er Sif Friðleifsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson flytja og hafa samið í félagi við fleiri um hitaeiningamerkingar á skyndibita.

Mikilvægt er í þessu efni að skilgreina sé hvað sé skyndibitastaðir og þar með yfir hvern slíkar merkingar eigi að ganga. Því má það heldur ekki vera huglægt mat hvað sé og hvað séu ekki skyndibitaréttir. Ef tilgangur tillögunnar er að upplýsa um hitaeiningagildi máltíða er jafn mikilvægt að almennir veitingastaðir upplýsi viðskiptavinum sína um hitaeiningagildi máltíða sinna. Slíkar máltíðir geta innihaldið hærri hitaeiningafjölda heldur en margir réttir sem svokallaðir skyndibitastaðir bjóða uppá. Í þessu samhengi má einnig spyrja hvað eru skyndibitastaðir? Eru t.d. pizzustaðir, sjoppur, bensínstöðvar, bakarí, matvöruverslanir; sem bjóða uppá heitan mat úr borði, eða aðrar verslanir sem bjóða uppá tilbúinn mat skyndibitastaðir? Jafnframt má spyrja hvaða skilyrði þurfa veitingastaðir að uppfylla til að flokkast sem skyndibitastaðir?

Til viðbótar benda á að tillögur sem þessar ættu frekar að ganga yfir veitingastaði almennt, en ekki bara það sem kallast skyndibitastaði. Hvers vegna ættu staðir sem eru lengur að afgreiða matinn að vera með hollari mat en þeir sem eru fljótir að afgreiða?

Þessu tengt verður að spyrja hver sé skilgreiningin á skyndibita? Skilgreining Wikipedia á skyndibita er: „Skyndibiti er smáréttur sem er matreiddur á einfaldan hátt, seldur tilbúinn og oftast snæddur án hnifapara, þ.e. stýfður úr hnefa“. M.v. það má álykta að skyndibita sé hægt að nálgast mun víðar en á svokölluðum skyndibitastöðum.

Einnig er nauðsynlegt að jafnræðis sé gætt, þannig að reglur sem þessar gangi yfir alla aðila á markaði en ekki bara þá sem stærstir eru. Í greinargerð með tillögunni er bent á reglur frá Bandaríkjunum og Bretlandi þar sem reglur sem þessar ganga yfir alla staði sem hafa 20 útsölustaði eða fleiri undir sama nafni. Benda má á að reglurnar eru afar mismunandi milli þessara fylkja og sem dæmi má nefna að í NewYork ná þær nánast yfir alla veitingastaði en ekki einungis yfir svokallaða skyndibitastaði. Í ályktuninni er einnig talað um að í Bandaríkjunum sé miðað við að skyndibitakeðjur með fleiri en 20 staði þurfi að upplýsa um hitaeiningainnihald. Þetta er ekki allskostar rétt þar sem þetta á einungis við um 3 fylki í Bandaríkjunum sem hafa svo aftur afar mismunandi regluverk um hitaeiningamerkingar. Jafnframt má áætla að 20 staðir á svo stórum markaði sem Bandaríkin eru jafngildi færri en einum stað á Íslandi og ef jafnræðis á að gæta ætti þessi tillaga að ná yfir alla veitingasölustaði á Íslandi.

Varðandi aðgengi að næringargildisupplýsingum þá eru næringarupplýsingar flestra skyndibitakeðja, þ.m.t. KFC, aðgengilegar á vefsíðum þeirra og einnig eru margir með slíkar upplýsingar í bæklingum á sínum veitingastöðum. Þar sem nær allir

Íslendingar hafa aðgang að Internetinu, þar af sífellt stækkandi hluti í gegnum farsíma sína, má álykta að aðgengi að þessum upplýsingum sé auðvelt í dag.

Almennt um greinargerðina þá eru margar fullyrðingar þar sem deila má um þar sem þær eru á huglægum nótum. T.d. eins og áður hefur verið minnst á er talað um „í Bandaríkjunum“ þegar átt er við 3 fylki Bandaríkjanna. Talað er um að Pizzasneið frá Pizza Hut geti verið 2,656 hitaeiningar! Ekki er hægt að sjá hvaðan þær upplýsingar eru tilkomnar enda er þessi fullyrðing hreinlega röng. Fullyrt er að „talið sé að neytendur hafi dregið úr hitaeininganeyslu...“ en ekki vísað í hvernig komist var að þeirri niðurstöðu eða hver haldi því fram.

Að lokum vil ég benda á að KFC er fylgjandi því að veita næringargildisupplýsingar en alfarið á móti því að birta þær á matseðlum sem hanga uppi. Jafnframt vil ég ítreka að því að ef settar verða reglur um aðgengi að næringargildisupplýsingum þurfa þær að ganga jafnt yfir alla en ekki bara e.t.v. 3 stærstu aðilana á Íslandi.

F.h. KFC ehf.

Kristín Helgadóttir  
Framkvæmdastjóri KFC ehf

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/679*  
*komudagur 2.12.2011*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. desember 2011

**Efni:** Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um hitaæiningamerkingar á skyndibita.  
(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.) **Þingskjal 24 — 24. mál.**

### UMSÖGN

Kvenfélagasamband Íslands, hér eftir skammstafað KÍ, þakkar erindi yðar dagsett 15. nóvember 2011 þar sem KÍ er gefið tækifæri til að gefa umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

KÍ fagnar framkominni tillögu, hún er í anda hvatningar og átaksverkefnis KÍ um aukna hreyfingu og bætt mataræði sem m.a. var sett á fót til að sporna við sívaxandi offituvanda þjóðarinnar.

Kvenfélagasamband Íslands styður framkomna þingsályktunartillögu og telur hana geta spornað gegn þeim alvarlega heilsufarsvanda sem offita er. KÍ hvetur þingmenn því til að samþykkja tillöguna.

F.h. Kvenfélagasambands Íslands

---

Hildur Helga Gísladóttir  
framkvæmdastjóri





Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30.11.2011  
1111174/0.1.2/EG/HP/eg/hp

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita. Mál nr. 24, þskj. 24 á 140. löggjafarþingi 2011–2012.**

Embætti landlæknis styður tillöguna um að fela velferðarráðherra að beita sér fyrir því að sölustaðir sem selja skyndibita upplýsi á áberandi stað um magn hitaeininga í skyndibitaréttum sem þar eru seldir. Það væri þó enn meira upplýsandi fyrir neytendur ef þeir gætu auk þess fengið upplýsingar um magn salts, heildarfitu, mettaðrar fitu og viðbættis sykurs í skyndibitaréttum eða tilboðum enda eru slíkir réttir oft fitu- og saltríkir. Þetta þyrfti að vinna í samræmi við nýja reglugerð frá Evrópusambandinu um merkingar matvæla.

Upplýsingar um hitaeiningainnihald rétta á skyndibitastöðum ættu að auðvelda fólki að taka upplýsta ákvörðun þegar það velur sér skyndibita. Auk þess að vera upplýsandi fyrir neytandann gæti slík merking hugsanlega hvatt skyndibitastaði til bjóða upp á hollari valkosti og til að minnka skammtastærðir en þær hafa farið stækkandi á undanförunum árum. Stórar skammtastærðir orkuríkrar fæðu, eins og oft er boðið uppá á skyndibitastöðum, auka líkur á ofneyslu og þar með offitu. New York borg innleiddi árið 2008 reglur um að skyndibitastaðir með fleiri en 15 stöðum á landsvísu tækju upp merkingar á orkuinnihaldi rétta. Niðurstöður rannsóknar<sup>1</sup> sem gerð var eftir þessa innleiðingu leiddi í ljós að þó að ekki hafi verið minnkun í meðalorku í keyptum réttum í heildina þá var marktæk minnkun í meðalorku í keyptum réttum hjá þremur stórum keðjum (m.a. McDonalds og KFC). Eftir innleiðinguna nýtti einn af hverjum sex gestum í hádeginu sér upplýsingar um hitaeiningagildi og þessir viðskiptavinir völdu rétti með færri hitaeiningum.

Virðingarfyllst,

---

Hólmfríður Þorgeirsdóttir  
verkefnisstjóri næringar

---

Elva Gísladóttir  
verkefnisstjóri næringar

---

<sup>1</sup> Dumanovsky T et al. Changes in energy content of lunchtime purchases from fast food restaurants after introduction of calorie labelling: cross sectional customer surveys. BMJ. 2011 Jul 26;343:d4464. doi: 10.1136/bmj.d4464.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS  
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi  
Erindi nr. Þ 140/704  
komudagur 7.12.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 5. desember 2011.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita, 24. mál.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita, 24. mál á 140. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 15. nóvember 2011.

Í tillögunni felst að velferðarráðherra verði falið að beita sér fyrir því að sölustaðir, sem selja skyndibita, upplýsi viðskiptavini á áberandi stað um magn hitaeininga í skyndibitaréttum, sem þar eru seldir. Í greinargerð tillögunnar er rakið að reglur af þessu tagi hafa þegar verið settar víða um lönd, m.a. í Bandaríkjunum og Bretlandi og virðast hafa í för með sér að viðskiptavinir skyndibitastaða verða meðvitaðri um fjölda hitaeininga í þeim mat sem þeir snæða og gæta þannig betur að sér við neyslu matarins.

Nýjustu upplýsingar sýna að Íslendingar eru að þyngjast og hafa þyngst talsvert síðustu ár. Þetta er óheillaþróun sem sporna verður við með öllum tiltækum ráðum. Sú leið, sem tillagan gerir ráð fyrir, er eitt þeirra ráða sem án efa geta komið að gagni í baráttunni gegn offitu Íslendinga þó vissulega þurfi miklu meira til að koma eins og almenn hvatning til heilbrigðara líffernis, bæði hollara mataræðis og aukinnar hreyfingar.

LÍ styður tillögu til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson, formaður.

Reykjavík, 17.nóvember 2011

***Alþingi***  
***Erindi nr. P 140/580***  
***komudagur 1.12.2011***

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita. Þingskjal 24 – 24.mál.

Sendandi:

Óla Kallý Magnúsdóttir og Ragnheiður Guðjónsdóttir f.h. næringarhóps Matvæla- og næringarfræðifélags Íslands (MNÍ)

Ljóst er að gríðarleg aukning hefur orðið í ofþyngd og offitu Íslendinga síðastliðna áratugi og þetta vandamál skapar mörg önnur vandamál innan velferðarkerfisins sem og fyrir einstaklingana sjálfa. Þannig eru óhollt mataræði, lítil hreyfing og tóbaksnotkun helstu áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma og heilablóðfalla og má rekja 80% þessarar tilfella til hegðunartengdra áhættuþátta. Næringarhópur MNÍ styður aukna möguleika neytanda til að taka upplýsta ákvörðun um mataræði sitt og er þessi umræða þörf og mikilvæg. Næringarhópur MNÍ er sammála því að það stingur í stúf að nauðsynlegt sé að upplýsa um innihald matvöru sem seld er í verslunum þegar að oftast er ekki erfitt að fá upplýsingar um innihald matvöru á veitingastöðum. Þó þykir okkur verra að upplýsingar um ofnæmis- og óþolsvalda eru oft ekki aðgengilegar á veitingastöðum. Samkvæmt reglugerð um merkingar matvæla er matvælaframleiðendum skylt að merkja umbúðir sínar með innihaldslýsingu, aukaefnum og ofnæmis- og óþolsvöldum, en ekki hitaeiningum eða næringargildi nema fullyrt sé um næringarfræðilega eiginleika vörunnar í merkingu, auglýsingu eða kynningu matvæla. Ef til þess kemur að skylda þurfi skyndibitastaði til þess að merkja rétti sína með hitaeiningainnihaldi veltum við því fyrir okkur hvort það sama gildi ekki um aðra matvælaframleiðendur og veitingastaði. Í það minnsta þyrfti að vera skýr skilgreining á því hvað telst vera skyndibitastaður.

Við viljum koma með nokkrar athugasemdir við efni og orðalag þingsályktunarinnar.

Í ályktuninni kemur m.a. fram að fimmtungur landsmanna þjáist af „alvarlegustu tegund ofþyngdar“. Ofþyngd er skilgreint sem BMI 25,1-30 kg/m<sup>2</sup> og offita >30 kg/m<sup>2</sup>. Því er átt við offitu hér en ekki ofþyngd, sem er ekki skilgreind sérstaklega eftir alvarleika.

Ef Big Mac er um og yfir 500 hitaeiningar er það um fimmtungur af daglegri orkuþörf karlmanns, sem er 2500-2800 hitaeiningar, en aftur á móti um fjórðungur af orkuþörf kvenmanns.

Okkur finnst ótrúlegt að það finnist pítsusneið hjá Pizza Hut sem er 2656 hitaeiningar. Hér hlýtur að vera átt við heila pitsu. Samkvæmt næringarútreikningum hjá Pizza Hut í Bretlandi ([www.pizzahut.co.uk](http://www.pizzahut.co.uk)) er hitaeiningaríkasta pítsusneiðin um 370 hitaeiningar, sem gera tæpar 3000 hitaeiningar pítsan.

Með kveðju,

Óla Kallý Magnúsdóttir

Óla Kallý Magnúsdóttir

Ragnheiður Guðjónsdóttir

Ragnheiður Guðjónsdóttir

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/618**  
**komudagur 2.12.2011**



Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Austurvegur 64 800 Selfoss  
Sími: 530 4800 - Fax: 530 4801  
mast@mast.is www.mast.is

Selfoss, 1. desember 2011  
Tilvísun: Mast11110095/0.1

**Efni: Umsögn Matvælastofnunar um tillögu til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita**

Matvælastofnun vísar til erindis atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 15. nóvember s.l., þar sem sent er til umsagnar 24. mál á 140. löggjafarþingi, þingsályktunartillaga um að sölustaðir sem selja skyndibita upplýsi um magn hitaeininga í skyndibitaréttum.

Markmið reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu matvæla er að tryggja að neytendur fái réttar og greinargóðar upplýsingar um þau matvæli sem boðin eru til sölu. Meðal þeirra merkinga sem skylt er að setja á neytendaumbúðir eru innhaldslýsingar og þær eru oft einu upplýsingarnar sem neytandi hefur um innihald vöru og afar mikilvægar þegar hann tekur ákvörðun um að kaupa matvæli eða að neyta þeirra. Samkvæmt 28. gr. reglugerðar um merkingu matvæla á neytandi rétt á sömu upplýsingum um óinnpökkuð matvæli s.s. í bakaríum, á veitingastöðum og salat- og sælgætisbörum. Sá réttur nær þó ekki til upplýsinga um næringargildi, þ.e. upplýsingar um orkugildi og næringarefni (m.a. prótein, kolvetni, fita og natríum).

Til að neytendur geti tekið upplýsta ákvörðun í innkaupum sínum er mikilvægt að þeir hafi einnig aðgang að upplýsingum um næringargildi. Matvælastofnun bendir á að nýlega var birt í Evrópusambandinu reglugerð nr. 1169/2011 (e. *Food information to consumers*) en samkvæmt henni verður skylt að merkja næringargildi, þ.e. orku, prótein, kolvetni, sykur, fitu, mettaðar fitusýrur og salt á flest forpökkuð matvæli. Sú reglugerð verður tekin upp hér á landi, líklega eftir u.þ.b. 1 ár, en frestur til að uppfylla kröfu um næringargildismerkingu er 5 ár. Samkvæmt reglugerðinni geta einstök ríki sett landsákvæði um að skylt verði að merkja/upplýsa um orkugildi eða ítarlegar um næringargildi á ópökkuðum matvælum, matvælum sem pakkað er á staðnum að ósk neytenda eða forpökkuð til beinnar sölu. Eftir er að taka ákvörðun um hvað gert verður í þeim efnum hér á landi og er umræðan um þessa þingsályktunartillögu gott innlegg í að undirbúa þá ákvörðun. Reglugerðin heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Matvælastofnun vill að gefnu tilefni benda á að upplýsingar um næringargildi eru núna valfrjálsar þ.e. að þær upplýsingar mega alltaf koma fram annað hvort á umbúðum matvæla eða með óinnpökkuðum matvælum, en þær verða að vera settar fram samkvæmt reglugerð nr. 410/2009 um merkingu næringargildis matvæla. Mikilvægt er að athuga að til þess að upplýsingar um næringargildi séu marktækar þarf skyndibiti að vera staðlaður því hitaeiningainnihald er fljótt að breytast þegar hlutföll hráefna breytast. Dæmi um það er mismunandi hlutfall af osti, sósu og grænmeti. Merking sem á að vera neytendum til gagns getur því orðið villandi. Núverandi reglugerð um næringargildi og nýja EB reglugerðin um

merkingu matvæla (*Food information to consumers*) kveðna um að gefa skuldbindingu ringargildi 100 g eða 100 ml, en því til viðbótar má gefa það upp í skammti.

Ef merking á fjölda hitaeininga verður gerð að skyldu samkvæmt þingsályktunartillögunni telur Matvælastofnun mikilvægt að um það verði settar skýrar línur um hvers konar fyrirtæki og hvaða réttir þurfa að uppfylla reglurnar. Það getur verið óljóst í sumum tilfellum hvað er skyndibiti og hvað er skyndibitastaður. Einnig þarf að skýra hvort upplýsingar um hitaeiningar þurfa að liggja fyrir þegar kaupandi tekur ákvörðun um kaup s.s. þegar pantað er símleiðis, eða hvort merkingar þurfa að koma fram á umbúðum þegar um heimsendingu er að ræða. Þess má geta að slík ákvæði eru í áður nefndri EB reglugerð.

F.h. Matvælastofnunar,

  
Jónína Þ. Stefánsdóttir  
Fagsviðsstjóri

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 18. nóvember 2011

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hitaeningamerkingar á skyndibita, 24 mál.**


Neytendasamtökin fagna því að ofangreind þingsályktunartillaga hafi verið lögð fram.

Það er til mikils að vinna að berjast gegn offitu og þeim sjúkdómum sem rekja má beint til rangs mataræðis og lífstíls. Íslendingar glíma við offituvanda, rétt eins og aðrar þjóðir á Vesturlöndum. Reyndar benda rannsóknir til þess að Íslendingar séu að verða með feitustu þjóðum heims og er það mikið áhyggjuefni. Stjórnvöldum ber skylda til að bregðast við þessari óheillaþróun með öllum tiltækum ráðum.

Það verður að teljast grundvallaratriði að neytendur séu upplýstir um næringargildi og fjölda hitaeninga í þeim mat sem þeir kaupa. Skyndibitamatur er almennt hitaeningaríkur og því er sjálfsagt að upplýst sé um hitaeningafjölda á mat sem seldur er á skyndibitastöðum.

Neytendasamtökin mæla því eindregið með samþykkt þessarar tillögu.

Virðingarfyllst,  
Fyrir hönd Neytendasamtakanna,

  
Brynhildur Pétursdóttir



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/611**  
**komudagur 2.12.2011**

Reykjavík, 30. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita, 24. mál.**

Samtök atvinnulífsins telja að sá árangur sem flutningsmenn vænta af tillögunni verði vart merkjanlegur. Erfitt er að sjá fyrir sér að áberandi merkingar um hitaeiningar á sölustöðum skyndibita muni leiða til þess að dragi úr offitu hér á landi eða að lífsstíll fólks og mataræði muni breytast í kjölfarið. Látið er að því liggja í greinargerð með tillögunni að þarna sé skýrt samhengi á milli. Þvert á móti er líklegt að langflestir geri sér grein fyrir því að skyndibitafæði eins og fjallað er um í tillögunni „sé oft næringarsnautt og einhæft og í því er oft mikið af ómettaðri fitu“ og að „óhófleg neysla skyndibitafæðis getur leitt til þyngdaraukningar“ svo vitnað sé til Lýðheilsustofnunar.

Einungis lítill hluti neyslu almennings fer fram á veitingastöðum og á vef Hagstofunnar kemur fram að frá árinu 2002 til 2009 hefur hlutfall veitinga af neyslu lækkað úr 5,1% í 3,9%. Á vef Lýðheilsustofnunar kemur fram að dregið hafi úr neyslu skyndibita hér á landi undanfarin ár. Langstærstur hluti neyslunnar fer fram á heimilum og trúlegt er að mest neysla skyndibita eigi sér þar stað. Stöðugt hefur verið unnið að því undanfarin ár að auka og bæta merkingar matvæla og vara fólk við því sem telst miður heilnæmt. Einnig er uppi stöðugur áróður um heilbrigðan og hollan lífsstíl, jákvætt gildi hreyfingar og fjölbreytts mataræðis. Þrátt fyrir það „þjáist fimmtungur landsmanna af alvarlegustu tegund ofþyngdar og Íslendingar eru orðnir fjórða feitasta þjóð í Evrópu“ eins og segir í greinargerð með tillögunni.

Ekki er þó allt neikvætt. Frá árunum 1971-75 fram til ársins 2010 hefur ólífud meðalævi kvenna við fæðingu lengst úr 77,5 árum í 83,5 ár. Meðalævi karla við fæðingu hefur lengst úr 71,6 árum í 79,5 ár. Þannig hefur ævi kvenna lengst um 6 ár á tæpum 4 áratugum og karla um tæpa 8 ár á sama tíma. Ævi karla lengist þannig að jafnaði um 2,6 mánuði á ári og kvenna um tæpa 2 mánuði ári á þessu tímabili. Allt kemur þetta fram á vef Hagstofu Íslands. Á þessum tíma hafa lífskjör batnað, mataræði breyst, almenningur er meðvitaðri um eigin heilsu en áður, fólk hreyfir sig meira en áður og dregið hefur úr tóbaksneyslu. Einnig hefur aukist og batnað ýmis konar þjónusta og aðgangur að henni.

Þetta er ekki sett hér fram til að draga úr mikilvægi þess að almenningur fái greinargóðar upplýsingar um hvað er á boðstólum á skyndibitastöðum. Sjálfsagt standa þeir misjafnlega að málum hvað þetta varðar. Hjá að minnsta kosti einni keðju sem selur skyndibita eru veittar áberandi og nákvæmar upplýsingar um hitaeiningar í fjölda rétta auk þess sem vakin er sérstök athygli á þeim sem innihalda fæstar hitaeiningar og minnsta fitu. Þróun sú sem gert er ráð fyrir í tillögunni er því þegar hafin.





SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Mikilvægt er að unnið verði að þessu verkefni, ef af verður, í samráði við atvinnulífið og samtök fyrirtækja á þessu sviði. Þá þarf að skilgreina nánar hvað átt er við í tillögugreininni með sölustöðum sem selja skyndibita og skyndibitarétti. Mikilvægt er að fundnar verði þær leiðir sem líklegast eru til að skila árangri miðað við kostnað og fyrirhöfn. Það er ekki víst að sú leið sem tillagan felur í sér sé líklegust til árangurs.

Virðingarfyllt,

*Pjetur Keimarsen*



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/550*  
*komudagur 30.11.2011*

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík



Reykjavík 30. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um hitaeiningamerkingar á skyndibita.**  
**Þskj. 24. - 24. mál.**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir þingsályktunartillögu um hitaeiningamerkingar á skyndibita og hafa eftirfarandi athugasemd.

Samtökin taka undir mikilvægi þess að skyndibitastaðir upplýsi viðskiptavinum um næringarinnihald allra rétta og vöruflokka sem á boðstólnum eru. Samtökin binda vonir við að slíkar merkingar geti gerst á markaðslegum og samkeppnislegum forsendum en í góðu samstarfi við stjórnvöld og opinberar stofnanir.

Samtökin eru tilbúin að taka þátt í hugsanlegu samstarfi við stjórnvöld sem hefur það að markmið að hvetja skyndibitastaði til að vera með innihaldslýsingu á þeim réttum sem í boði eru.

Virðingarfyllt



Samtök ferðaþjónustunnar  
Gunnar Valur Sveinsson

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/378**  
**komudagur 22.11.2011**

Reykjavík, 22. nóvember 2011

**Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um tillögu til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita, 24. mál**

SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 15. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um tillögu til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita, 24. mál.

SVP hafa kynnt sér efni framangreindrar tillögu og vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í umræddri tillögu segir orðrétt eftirfarandi: „*Alþingi ályktar að fela velferðarráðherra að beita sér fyrir því að sölustaðir sem selja skyndibita upplýsi á áberandi stað um magn hitaeininga í skyndibitaréttum sem þar eru seldir.*“ Af orðalagi þessu má ráða að undirorpnir gildissviði tillögu þessarar eru því allir sölustaðir sem selja skyndibita. Hins vegar segir í athugasemdum við tillöguna að flutningsmenn telji tímabært að íslensk stjórnvöld taki af skarið og hefji samstarf við skyndibitakeðjur hér á landi um að merkja með hitaeiningainnihaldi skyndibitana sem þær selja. Af þessum athugasemdum má aftur á móti ráða að tillagan taki því almennt til skyndibitakeðja hér á landi.

Með tilvísun til skyndibitakeðja er því eðli málsins samkvæmt vísað til starfsemi sem starfrækt er á fleiri en einum sölustað og hefur það að markmiði að selja skyndibita. Samkvæmt orðanna hljóðan taka því kröfur þessar ekki til annars konar sambærilegrar starfsemi. Er því álitamál hvort umrædd tillaga taki þá ekki til smærri staðbundinna sölustaða, s.s. vegasjoppur, söluvagna o.s.frv. Að sama skapi liggur ekki fyrir samkvæmt tillögunni eða athugasemdum við hana hvort kröfur þær sem þar er kveðið á um taki einnig til sölu á tilbúnum mat í matvöruverslunum.

Þá telja SVP mikilvægt að þess sé gætt að sömu kröfur verði gerðar til þeirra sölustaða, hvort sem það eru skyndibitakeðjur eða matsölustaðir, sem bjóða upp á sambærilegar vörur. Þannig getur neytandi eftir atvikum keypt sömu eða sambærilega vöru á skyndibitastað sem og á öðrum veitingastað.

Þá er í athugasemdum við tillöguna vísað til sambærilegra krafna sem gerðar eru til skyndibitakeðja í öðrum löndum og segir þar m.a. að í Bandaríkjunum er gert ráð fyrir að skyndibitakeðjur sem í eru meira en 20 útsölustaðir upplýsi um og merki hitaeiningainnihald skammtanna sem þar eru seldir. Samkvæmt þessu eru afmarkaðir nánar þeir aðilar sem kröfur þessar taka til og því er nauðsynlegt að slíkt hið sama verði gert hér á landi þannig að ekki sé vafa háð til hvaða aðila kröfur þessar ná.

Telja SVP því mikilvægt að samræmis sé gætt í orðalagi tillögunnar sem og athugasemdum við hana þannig að ljóst verði til hvaða starfsemi henni er ætlað að taka til enda, eins og að

framan greinir, óljóst hvort henni sé ætlað að taka til afmarkaðs hóps söluaðila eða allra aðila sem selja skyndibita óháð umfangi eða stærð viðkomandi aðila.

Þá segir einnig í athugasemdum við tillöguna að mikil umræða hefur átt sér stað í Bandaríkjunum, innan Evrópusambandsins og víðar um skyndibitastaði og hafa nokkur ríki átt samvinnu við skyndibitastaðina um að auðvelda neytendum að átta sig á hitaeiningainnihaldi matarskammtanna sem þar eru seldir. Kemur þar fram að í áratugi hefur þótt rétt og sjálfsagt að upplýsa um ýmiss konar innihald matvöru sem seld er í verslunum en litlar sem engar upplýsingar hafa fengist um mat sem er seldur á veitingastöðum.

Af þessu má ráða að tilgangur þess að veita upplýsingar um hitaeiningainnihaldi skyndibita sé m.a. að samræma slíka upplýsingagjöf við það sem þekkist varðandi upplýsingar á matvælum í matvörubúðum. Í þessu samhengi benda SVP á að í reglugerð um merkingu matvæla, nr. 503/2005, er kveðið á um reglur varðandi merkingar matvæla sem dreift er til neytenda og atriði viðvirkjandi kynningu og auglýsingu þeirra. Reglugerðin er sett með stoð í 14. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995. Í 5. gr. reglugerðarinnar segir m.a.: *Merking skal vera greinileg og læsileg og hana má ekki á nokkurn hátt dylja, hylja eða slíta úr samhengi við annað les- eða myndmál. Hún skal vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku, en þó er heimilt að upplýsingar séu gefnar á fleiri en einu tungumáli.* SVP telja mikilvægt að tryggja samræmi varðandi merkingar á annars vegar skyndibita og hins vegar annarra matvælum, þ.m.t. varðandi á hvaða tungumáli upplýsingar eru gefnar. Ítreka SVP að lögum samkvæmt er heimilt að veita slíkar upplýsingar á umbúðum matvæla á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku.

SVP ítreka að samtökin leggjast ekki gegn markmiði umræddrar tillögu til þingsályktunar. Hins vegar leggja SVP áherslu á að verði umrædd tillaga samþykkt þá verði tryggt að framkvæmd hennar verði með eins einföldum hætti og hægt er og að kostnaði fyrir fyrirtækin haldið í lágmarki.

Að öðru leyti gera SVP ekki frekari athugasemdir við efni framangreindrar tillögu til þingsályktunar að svo stöddu.

Virðingarfyllst,  
f.h. SVP



Lárus M.K. Ólafsson  
lögfræðingur



UMBOÐSMAÐUR BARNA



talsmaður neytenda

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/343*  
*komudagur 21. 11. 2011*

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2011  
UB:1111/4.1.1

**Efni: Umsögn talsmanns neytenda og umboðsmanns barna um þingsályktun um hitaeiningamerkingar á skyndibita, 24. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 15. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Talsmaður neytenda og umboðsmaður barna hafa lengi haft áhyggjur af því alvarlega vandamáli sem offita og afleiðingar hennar geta haft. Þess vegna eru embættin hlynnt því að neytendum sé auðveldað að átta sig á hitaeiningainnihaldi matarskammta með reglum um hitaeiningamerkingar á skyndibita. Hins vegar vilja embættin vekja athygli á þeim skilgreiningarvanda sem gæti fylgt slíkum reglum og hvar mörkin liggja á milli matsölustaða sem selja skyndibita og annarra matsölustaða. Talsmaður neytenda og umboðsmaður barna velta því þar af leiðandi fyrir sér hvort tilefni sé til að leggja þá skyldu á alla matsölustaði að gerð sé grein fyrir hitaeiningainnihaldi á seldum mat.

Að lokum vilja talsmaður neytenda og umboðsmaður barna leggja áherslu á að embættin hafi unnið ötullega síðustu árin að norræna hollustumerkið, Skráargatið, verði innleitt hér á landi. Er ofangreind tillaga í samræmi við markmið þess að leiðabeina fólki að hollari matvælum.

Virðingarfyllst,

Gísli Tryggvason,  
talsmaður neytenda

Margrét María Sigurðardóttir,  
umboðsmaður barna

Alþingi  
Erindi nr. P 140/622  
komudagur 2.12.2011



Alþingi  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
við Austurvöll  
150 Reykjavík

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 30. nóvember 2011  
Titv.: VEL11110163/00.04.03

Velferðarráðuneytið vísar til erindis atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 15. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um hitaeningamerkingar á skyndibita, 24. mál. Ráðuneytið veitir ekki umsögn um tillöguna á þessu stigi en velferðarráðherra mun eftir atvikum lýsa afstöðu sinni til málsins, komi það til frekari umfjöllunar á Alþingi.

Fyrir hönd ráðherra

Anna Lilja Gunnarsdóttir

Margrét Sigurðardóttir